

**Nr. 6.**  
8. febr.

## Lög

um

heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar  
aðflutningum til landsins.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðuneyti Íslands veitist heimild til að setja með reglugjörð eða reglugjörðum þau ákvæði um verzlun og siglingar til og frá landinu, er nauðsynleg þykja til þess að tryggja aðflutninga til þess. Í reglugjörð má ákveða sektir fyrir brot á henni og meðferð mála út af brotum gegn henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 8. febrúar 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

Jón Magnússon.